

Örorkulífeyrir frá lífeyrissjóðum

Málþing um örorkulífeyrismál, 31. mars 2016
Erindi: Tómas N. Möller





1. Hvað felst í greiðslum iðgjalda til lífeyrissjóða
2. Helstu efnisreglur um
 - örorkulífeyri lífeyrissjóða
 - örorkulífeyri frá Tryggingastofnun
 - endurhæfingarlífeyri frá Tryggingastofnun
3. Samanburður við tryggingar frá tryggingafélögum
4. Yfirlit yfir afkomutryggingar launafólks og sjálfstætt starfandi einstaklinga
5. Eðli lífeyrisréttinda hjá lífeyrissjóðum almennt

Greiðslur í lífeyrissjóð eru frestun á launagreiðslum og



- ... iðgjald fyrir ævilangan lífeyri,
- ... iðgjald fyrir örorku-, maka- og barnalífeyri,
- ... hluti af starfskjörum launafólks og
- ... hluti af skyldubundinni þátttöku í skipulegu framfærslutryggingarkerfi sem er
- ... **samspil af samkomulagi aðila vinnumarkaðarins og ákvörðunar löggjafans**

Reglur um örorkulífeyri lífeyrissjóða eru mikilvægt hagsmunamál, varðar m.a....



- ✓ mat á tryggingavernd sjóðfélaga
- ✓ samræmingu reglna og framkvæmdar hjá lífeyrissjóðum
- ✓ samspil tryggingaverndar **almannatrygginga** og tryggingaverndar hjá lífeyrissjóðum
- ✓ samspil **ellilífeyris** og **örorkulífeyris** hjá lífeyrissjóðum
- ✓ samspil annarra úrræða; veikindi, sjúkrasjóður, tryggingar hjá tryggingafélögum og eigin áhætta

Um örorkulífeyri lífeyrissjóða




A. Reglur um rétt til örorkulífeyris frá lífeyrissjóðum

- 15. gr. laga um lífeyrissjóði (129/1997)
- Ákvæði samþykpta einstakra lífeyrissjóða
- Samningur ASÍ og VSÍ um lífeyrismál, dags. 12. des. 1995

B. Inntak örorkulífeyris frá lífeyrissjóði

- Áunnin réttindi
- Framreikningsréttindi – mjög verðmæt tryggingaréttindi
- Orkutap með eða án skilyrðis um varanlega örorku
- Tekjuskerðing skilyrði

Dæmi um framreikning örorkulífeyris



Myndin tekur mið af sjóðfélaga sem greiðir 12% iðgjald til sjóðsins af 200.000 kr. launum. Verði hann 100% öryrki við 32 ára aldur hefur hann áunnið sér í lífeyri 43.147 kr. Að öðru óbreyttu ætti hann því rétt á þeirri fjárhæð í örorkulífeyri til 67 ára aldurs og samsvarandi fjárhæð í ævilangan lífeyri eftir það.

Hafi hann hins vegar áunnið sér rétt til framreiknings, á hann rétt á örorkulífeyri sem svarar til þess lífeyris sem hann hefði áunnið sér ef hann hefði haldið áfram að greiða til sjóðsins. Við útreikning er miðað við meðallaun sl. þriggja ára fyrir orkutap.

Miðað við framangreindar forsendur fengi sjóðfélaginn framreiknaðan örorkulífeyri til lífeyrisaldurs sem nemur 140.867*. Frá 67 ára aldri tekur við ævilangur lífeyrir sem nemur sömu fjárhæð.

Dæmið sýnir að framreiknaður örorkulífeyrir er verðmæt trygging og mikilvæg þeim sem hennar njóta.

Mikilvægt er að hafa í huga að örorkulífeyri er ekki ætlað að tryggja þér hærra tekjur en þú hafðir fyrir örorkuna. Því eru aðrar greiðslur eins og launagreiðslur og greiðslur frá almannatryggingum dregnar frá örorkulífeyri.

Meginskilyrði fyrir rétti til framreiknings örorkulífeyris eru þau að þú hafir greitt til sjóðsins tiltekin lágmarksiðgjöld í þrjú ár af sl. fjórum árum og þar af í sex mánuði af sl. tólf mánuðum. Nánari reglur um örorkulífeyri og skilyrði fyrir framreikningi hans er að finna í samþykktum sjóðsins.

* 140.867 kr. er sú fjárhæð sem sjóðfélagi hefði áunnið sér í lífeyri ef hann hefði greitt áfram 12% iðgjöld til sjóðsins af viðmiðunarlaunum sem eru þau laun sem hann hafði s.l. þrjú ár. Miðað er við aldurstengda réttindaávinnslu til 65 ára aldurs, sbr. samþykktir Lífeyrissjóðs verzlunarmanna.

Örorkulífeyrir lífeyrissjóða og TR



Lífeyrissjóðir, 15. gr. lífeyrissjóðalaganna

- > 50% orkutap
- greitt í lífeyrissjóð í => 2 ár
- tekjuskerðing vegna orkutaps
- **Framreikningur ef:** greitt til lífeyrissjóðs í 3 ár af s.l. 4, þar af 6 mánuði af s.l. 12.
- **Heimild:** a) greiða ekki örorkulífeyri fyrstu þrjú mánuði, b) eða fyrr en orkutap hefur varað í allt að 6 mánuði.
- **Heimild:** Setja endurhæfingu skv. læknisráði að skilyrði fyrir örorkulífeyri.
- Í **samþykktir lífeyrissjóðs** skulu sett frekari ákvæði um örorkulífeyri, svo sem um örorkumat, fjárhæð örorkulífeyris, útreikning og skilyrði fyrir greiðslu hans
- Fjárhæð ræðst einkum af greiddum iðgjöldum og viðmiðunarlaunum sjóðfélaga

Tryggingastofnun, lög um almannatryggingar

- Fullur réttur miðast tiltekinn búsetutíma
- Réttur frá 18 til 67 ára aldurs
- Eru metnir til a.m.k. 75% örorku til langframa vegna afleiðinga læknisfræðilega viðurkenndra sjúkdóma eða fötlunar
- TR metur örorku umsækjenda samkvæmt sérstökum örorkustaðli, sbr. reglur ráðherra
- Aðrar tekjur skerða rétt til örorkulífeyris
- Fjárhæð ræðst af ákvæðum laga, nú að hámarki 247.000 kr.

Endurhæfingarlífeyrir skv. lögum um félagslega aðstoð



Bótaflokkar eru taldir upp í 1. gr. laganna:

1. mæðra- og feðralaun,
2. barnalífeyrir vegna skólanáms eða starfsþjálfunar ungmennis á aldrinum 18–20 ára,
3. umönnunargreiðslur,
4. makabætur,
5. umönnunarbætur,
6. dánarbætur,
7. **endurhæfingarlífeyrir**,
8. heimilisuppbót,
9. frekari uppbætur, [styrkir vegna kaupa á bifreið],¹⁾
10. uppbót vegna kaupa á bifreið, uppbót vegna reksturs bifreiðar og endurgreiðsla umtalsverðs kostnaðar við læknishjálp og lyf.

- Réttur frá 18-67 ára aldurs
- Bótatímabil allt að 18 mánuði þegar ekki er ljóst hver starfshæfni verður til frambúðar í kjölfar sjúkdóma eða slysa;
 - Heimilt að lengja um aðra 18 mánuði
- Áður þarf að klára rétt rétti til veikindalauna frá atvinnurekanda, sjúkradagpeninga frá sjúkrasjóði stéttarfélags og atvinnuleysisbóta

Nokkrir punktar varðandi skilyrði fyrir örorkumati hjá lífeyrissjóðum



- **Fram til gildistöku laga nr. 129/1997**
studdust lífeyrissjóðir almennt við örorkumöt tryggingayfirlæknis sem grundvölluðust almennt á varanlegri örorku eða örorku til langframa.
- **Í athugasemdum í greinargerð með 15. gr. kemur fram að**
tekið sé mið af reglum lífeyrissjóða almennt á þeim tíma sem lögin eru sett, en sjóðirnir studdust þá við örorkumat sem grundvallaðist á varanlegri örorku.
- **Vísbending í athugasemdum við breytingar á skaðabótalögum en**
þar er gengið út frá því að lífeyrissjóðir veiti örorkulífeyri vegna varanlegrar örorku.
- **Samkvæmt 15. gr. lífeyrissjóðalaganna hafa lífeyrissjóðir ákveðið svigrúm**
til að ákvarða í samþykktum ýmis meginatriði er varða rétt til örorkulífeyris, svo sem um örorkumat, fjárhæð örorkulífeyris og frekari skilyrði fyrir greiðslu hans.

Færa má rök fyrir því að örorkulífeyrir frá lífeyrissjóðum hafi frá upphafi verið hugsaður sem ákveðinn öryggisventill ef sjóðfélagi hlyti umtalsverða skerðingu á starfsgetu til frambúðar vegna sjúkdóms eða slyss, en ekki framfærsluúrræði vegna tímabundinnar skerðingar á starfsgetu.



- Höfundar víkja að því að skv. 1. mgr. 15. gr. Íslj. eigi sá alltaf rétt til örorkulífeyris sem uppfylli þrjú megin skilyrði:
 - orkutap 50% eða meira
 - greitt í lífeyrissjóð í a.m.k. tvö ár
 - tekjuskerðing af völdum orkutaps
- Síðan er vikið að því að nokkur vafi teljist um það hvað nákvæmlega sé átt við með „orkutapi“ í skilningi ákvæðisins
- Vísað er til þess að rétturinn takmarkist ekki við slys, heldur geti orkutapið verið af ýmsum öðrum orsökum og réttarstaðan sé að því leyti meira í ætt við örorkulífeyri skv. 18. gr. almannatryggingalaga þar sem segir:

„Rétt til örorkulífeyris eiga þeir sem ... eru metnir til a.m.k. 75% örorku til langframa vegna afleiðinga læknisfræðilega viðurkenndra sjúkdóma eða fötlunar...“



- Höfundar telja talsverða óvissu um hvernig meta eigi rétt sjóðfélaga til örorkulífeyris en vísa einkum til 4. og 5. gr. skaðabótalaganna sem viðmiðs við mat á orkutapi, þ.e:
 - a) læknisfræðilegrar örorku sem metin skal með svipuðum hætti og **varanlegur miski skv. 4. gr. skaðabótalaga** og **varanleg örorka skv. 12. gr. laga um slysatryggingar almannatrygginga**, eða
 - b) starfsorkuskerðingar sem metin skal á grundvelli svipaðra sjónarmiða og **varanleg örorka skv. 5. gr. skaðabótalaga**.
- *Höfundar nefna að í nánari lýsingu í samþykktum lífeyrissjóða virðist í raun stundum fara bil beggja milli mats á grundvelli læknisfræðilegrar örorku annars vegar og starfsorkuskerðingar hins vegar (bls. 551-2).*
- „... Jafnframt er rétt að taka fram, að þrátt fyrir þá óvissu sem telja má uppi, hafa vitanlega komist á tilteknar venjur við framkvæmd slíks mats, sem fer samkvæmt samþykktum lífeyrissjóðanna almennt fram á vegum trúnaðarlæknis þeirra.“

Dæmi m.v. 45 ára skrifstofukarl, laun kr. 400.000

3,5% innri vextir í útreikningum



Örorkulífeyrir frá lífeyrissjóði

- **12%** iðgjald = **576.000** á ári, þarf af u.þ.b. **72.000** kr. vegna örorkulífeyrisréttar
- Um **248.000** kr. framreiknaður örorkulífeyrir á mánuði og sami ellilífeyrir eftir það (þ.a. **161.000** kr. áunninn lífeyrir við orkutap)
- Núvirði örorkulífeyris **42.000.000** kr.
- **48.000.000** kr. að metöldum ellilífeyri


1. Engin umsókn, iðgjöld mynda rétt
 2. Persónulegar aðstæður hafa ekki áhrif
 3. Fábrotinir fyrirvarar
 4. Framreikningsréttur
 5. Almenn réttindi skv. samþykktum
- ✓ Fellur niður ef ekki á vinnumarkaði

Sjúkra- og slysatryggingar

- **45.000.000** kr. eingreiðslutrygging vegna örorku
- Um **247.000** kr. á mánuði frá 40 ára til 67 ára aldurs
- Enginn ávinnsla ellilífeyris frá orkutapi
- **400.000** kr. á mánuði í dagpeninga vegna veikinda og slysa
- Gjarnan með **3ja mánaða** biðtíma og rétt til greiðslu í **24 mánuði**.
- Kemur að hluta í stað veikindaréttar, sjúkrasjóðs og endurhæfingarlífeyris

1. Umsókn með ítarlegum upplýsingum
 2. Einstaklingsmiðuð iðgjöld
 3. Allmargir fyrirvarar
 4. Ekki framreikningsréttur
 5. Persónulegt val og sveigjanleiki
- ✓ Getur verið mikilvæg viðbót

Þegar starfsgeta brestur...



Breytingin í ársbyrjun 2014




Með 3. gr. laga nr. 8/2014 var gerð breyting á 52. gr. laga nr. 100/2007 um almannatryggingar. Lögin tóku gildi 1. febrúar 2014

”

Sérstaklega skal þess gætt að umsækjandi, sem áunnið hefur sér rétt hjá skyldubundnum atvinnutengdum lífeyrissjóðum, hafi lagt fram umsókn um áunnin réttindi hjá viðkomandi lífeyrissjóðum og er Tryggingastofnun heimilt að fresta ákvörðun og greiðslu bóta þar til upplýsingar um það liggja fyrir, sbr. 41. gr.

“


Réttindi sjóðfélaga koma öll úr einum og sama pottinum,
lífeyrisgreiðslur eru því takmörkuð auðlind




Hlutfall örorkulífeyris af ellilífeyri



Skipting lífeyrisgreiðslna úr samtryggingardeildum Isj. - 2014




% örorkulífeyris af lífeyri í samtryggingu árið 2014



Þróun elli- og örorkulífeyris frá lífeyrissjóðum og Tryggingastofnun



Í milljörðum, á verðlagi hvers árs



Réttindi sjóðfélaga eru eign þeirra



Réttindi í lífeyrissjóðum eru stjórnarskrárvarin eignaréttindi.

Getur sett því takmörk!

- a) hvort og að hvaða marki ríkisvaldið/lífeyrissjóðir, geti aukið einn réttindaflokk hjá lífeyrissjóðum, t.d. örorkulífeyri, á kostnað ellilífeyris
- b) hvort hægt sé að breyta reglum um örorkulífeyri frá hinu opinbera með þeim hætti að það leggi byrgðar á sjóðfélaga almennu lífeyrissjóðanna langt umram sjóðfélaga lífeyrissjóða hjá hinu opinbera

Líta þarf til þátta eins og:

- jafnræðið milli einstakra hópa, t.d.
 - opinberir sjóðir, sjóðir á almennum vinnumarkaði, frjálsir lífeyrissjóðir (með áherslu á séreign)
 - lífeyrisþega og örorkulífeyrisþega
- eðlis eignaréttarins
- hvað teljast málefnanleg sjónarmið

Mikilvæg réttindi

Grunnurinn þarf að vera traustur



1. Samspil 1. og 2. stoðar lífeyriskerfisins
 - Hlutverk ríkissjóðs og lífeyrissjóða
 2. Samspil elli- og örorkulífeyris
 3. Fyrirsjáanleg hækkun lífaldurs
 4. Hagrænir hvatar geta haft jákvæð og neikvæð áhrif
 5. Félagslegar aðstæður geta haft bein áhrif
 6. Umræða og skýrar reglur mikilvægar
- ✓ Réttur til örorkulífeyris hjá lífeyrissjóðum eru mikilvæg réttindi. Þeim kann að verða teft í tvísýnu ef hagrænir hvatar og of opin skilyrði leiða til þess að ójafnvægi myndist milli ellilífeyris og örorkulífeyris hjá lífeyrissjóðum og milli 1. og 2. stoðar lífeyriskerfisins.
 - ✓ Skilgreina verður hlutverk lífeyrissjóða vel í þessum efnum.

Örorkulífeyrir frá lífeyrissjóðum

Málþing um örorkulífeyrismál, 31. mars 2016
Erindi: Tómas N. Möller

